

## M-36/2010 Álit 27. apríl 2010

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-36/2010:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A hjá Y 23. september 2009. Segir álitsbeiðandi að lykll hafi ekki fylgt bifreiðinni og krefst riftunar kaupanna af þeim sökum.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. mars sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og óskaði jafnframt ákveðinna upplýsinga um viðskiptin. Andsvör bárust 26. mars. Álitsbeiðanda var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 6. apríl, og bárust þær 12. apríl. Með bréfi, dags. 19. apríl sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir

Fram kemur í gögnum málsins að álitsbeiðandi keypti bifreiðina A samkvæmt auglýsingu á uppboðsvef Y 23. september 2010 fyrir kr. 103.000. Álitsbeiðandi segir að ekki hafi verið tekið fram í uppboðsauglýsingunni að lykll vantaði að bifreiðinni en kostnaður við að fá nýjan lykll geti numið allt að kr. 200.000. Hann hafi ítrekað krafist þess að Y endurgreiddi sér kaupverðið án árangurs en bifreiðina hefði hann aldrei keypt lykllausa.

#### IV

##### Andsvör Y.

Í andsvörunum segir eftirfarandi:

„Bifreiðin A var seld X 23.09.2010 (sic). Kveðið var á í auglýsingu að ekki væri vitað um ástand bifreiðar og því seld í því ástandi sem hún var og vegna þess voru bjóðendur hvattir til að skoða bifreiðina vel. Ekki var sérstaklega getið um að lykllar fylgdu ekki með en kaupanda var sagt að lykllar fylgdu ekki og oft ættu fyrri eigendur lyklla og ætlaði kaupandi að hringja í fyrri eiganda og fór kaupandi með þá staðreynd og án þess að tilkynna okkur að hann væri eitthvað óhress með það eða tilkynna okkur að hann vildi ekki bifreiðina vegna þessa.

Sjá texta sem settur var með uppboði ofangreindrar bifreiðar. *ATH ! þessi bill hefur ekki verið ástandsmetinn og er seldur í því ástandi sem billinn er, engin ábyrgð er tekin á standi bifreiðar! Bjóðendur eru því hvattir til að skoða bílana vel!*

Svar við spurningum ykkar er.

1. Z var eigandi bifreiðar þegar hún var seld á uppboðinu.
2. Z bað Y að setja bifreiðina A á uppboðsvef og selja hann hæstbjóðanda og að þeir vissu ekkert um ástand bifreiðar.

3. Eins og að ofan er talið þá var ekki sett sérstaklega í texta að bifreið væri lykllaus en ítrekað að kaupandi kynnti sér vel ástand bifreiðar og var honum tilkynnt það munnlega að hún væri lykllaus og varð það ekki til þess að kaupandi hætti við kaupin þó svo að honum væri tilkynnt það.
4. Mér skilst að það sé til lykill að bifreið en erfiðlega gangi að fá hann afhentan. Kaupandi tjáði mér það og bauðst ég til að hjálpa honum að nálgast lyklana. Við hjá Y höfum ekki náði í eiganda en við höfum náð í bróður hans í tvígang og sagðist hann ætla að segja bróður sínum frá því og láta hann hafa samband við okkur sem hann hefur ekki gert og veit ég ekki ástæðu þess þó svo ég hafi grunsemd um ástæðuna.“

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum sínum segir álitsbeiðanda að uppgötvast hafi eftir að hann hafi greitt kaupverð bifreiðarinnar að lykla að henni hefði vantað. Það hafi ekki verið vitað áður en kaupin fóru fram og sé því ekki rétt með farið af hálfu Y um þetta atriði.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur vegna kaupa á bifreiðinni A falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kaupsamningur um bifreiðina A hefur ekki verið lagður fram í málinu en fyrir liggja upplýsingar um að eigandi og seljandi hennar hafi verið Z og kaupandi X, en þessu hefur álitsbeiðandi ekki mótmælt. Það fyrirtæki er með sama heimilisfang og álitsbeiðandi og telur kærunefndin óhætt að byggja á því að álitsbeiðandi sé forsvarsmaður þess fyrirtækis og geti því komið fram fyrir þess hönd. Y var ekki eigandi bifreiðarinnar en annaðist sölu hennar f.h. Z.

Hér eru aðilar því tvö hlutafélög og vegna þess fer um kaup á bifreiðinni samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Það er upplýst að áliti kærunefndarinnar að álitsbeiðandi fékk ekki lykil að bifreiðinni þegar kaupin fóru fram. Vera kann að hann hafi ætlað sér að nálgast lykilinn sjálfur samkvæmt ábendingum frá Y um það hvar hann væri að finna en ljóst er að það hefur ekki tekist. Málið liggur því þannig fyrir kærunefndinni álitsbeiðandi hefur greitt kaupverð bifreiðarinnar en ekki fengið lykil að henni afhentan. Kærunefndin tekur ekki afstöðu til þess hver ábyrgð Y kann að vera í þessu tilviki en telur ljóst að kröfu um riftun kaupanna verður ekki beint að því fyrirtæki heldur verður að beina henni að eiganda og seljanda bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi getur þannig beint riftunarkröfu sinni að Z með nýrri álitsbeiðni. Þetta leiðir hins vegar til þess að óhjákvæmilegt er að vísa þessari álitsbeiðni frá kærunefndinni.

## VII

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd- lausafjár og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir